

Breyting á aðalskipulagi. Gullbringa, frístundabyggð í landi Tjarnar

Breyting á skipulagsuppdrætti

Svæði 624-F er fært inn á skipulagsuppdrátt norðan Laugahlíðar.

Áhrifamat

Breytingin er í meginatriðum í samræmi við stefnu Aðalskipulags Dalvíkurbyggðar 2008-2020 um frístundabyggð. Þéttleiki byggðarinnar er nokkuð meiri en almenn viðmiðun skipulagsins. Byggðin er að mestu utan landbúnaðarsvæðis L2. Fjórir skráðir minjastaðir eru innan svæðisins, þar á meðal Gullbringa, Arngrímsstofa. Tekið skal mið af þeim við gerð deiliskipulags. Ný byggð fellur vel að byggðamynstri sveitarinnar.

Breyting þessi felur ekki í sér stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda, sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er hún því ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða.

Frístundabyggðin verður ekki hluti húsaþyrpingarinnar í Laugahlíð. Breytingin hefur lítil eða engin áhrif á nágretta, aðra starfsemi eða aðliggjandi landnotkun og eru ekki taldar líkur á hagsmunarárekstrum við íbúa Laugahlíðar. Aðkomuleið verður um núverandi heimreið að Laugasteini en norðan hennar gæti komið íbúðarbyggð innan lóðar Laugasteins. Ekki er talið að umferð að sex frístundahúsum verði íþyngjandi fyrir byggðina.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar leggur til að aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 verði breytt til samræmis við tillögu að deiliskipulagi svæðis fyrir frístundabyggð norðan Laugahlíðar í landi Tjarnar. Á svæðinu er Arngrímsstofa, fríðað hús á þjóðminjaskrá, sambyggt frístundahúsi.

Aðkoma að frístundabyggðinni er og verður um núverandi veg neðan við Arngrímsstofu. Áður hafði verið gert ráð fyrir frístundabyggð sunnan íbúðarbyggðarinnar í Laugahlíð. Svæðinu var breytt í íbúðarbyggð þar sem það mun verða hluti húsaþyrpingarinnar og mynda ákveðna heild. Byggðin í Gullbringu tengist byggðamynstri Laugahlíðar ekki á sama hátt.


Breytingar á greinargerð

Engin breyting er gerð á meginþexta greinargerðar.


Kaflí 4.11 Svæði fyrir frístundabyggð

Ný lína bætist við töflu:

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
624-F	2,1	I landi Tjarnar	Byggt að hluta.	Drjár lóðir, sex hús. Uppbygging skv. deiliskipulagi.



Gildandi skipulag



Breytt skipulag

Mkv.: 1:50.000

- Mörk skipulagssvæðis
- LANDNOTKUN
- Þéttbýli, þéttbýlismörk
- Íbúðarsvæði
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Athafnasvæði
- Iðnaðarsvæði
- Hafnarsvæði
- Landbúnaðarsvæði L1
- Landbúnaðarsvæði L2
- Landbúnaðarsvæði, sérákvæði
- Frístundabyggð
- Opin svæði til sérstakra nota
- Óbyggð svæði
- Blönduð landnotkun
- Efnistökusvæði
- Merking landnotkunarrita
- Landfyllingar
- TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN
- Hverfisverndarsvæði
- Náttúruverndarsvæði: Fólkvangur, friðland
- Svæði á Náttúruminjaskrá
- Vatnsverndarsvæði
- Brunnsvæði
- Grannsvæði
- Fjarsvæði
- Forminjar
- Forminjar, minjasvæði
- Forminjar, Sveitarlangur
- Lárétt hönnunarhröðun í jarðskjálftum
- SAMGÖNGUKERFI
- Stofnbraut
- Stofnbraut, jarðgöng
- Tengivegur / tengibraut
- Aðrir vegir / safngata
- Aðal göngu- og hjólastígar
- Megin útivistarstígar
- Reiðleið
- STOFNLAGNIR VEITUKERFA
- Rafveita, loftlína
- Rafveita flutningslína, helgunarsvæði
- Rafveita, jarðstrengur
- Hitaveita
- Vatnsveita
- Ljósleiðari
- Fráveita, útrás

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar þann 18.02.2014

Sveitarstjóri
Sveitarstjóri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 5.3.2014

Askrís Halldóttir

Björn Þj. Arnarson

AÐALSKIPULAG DALVÍKURBYGGÐAR 2008-2020 SVEITARFÉLAGSUPPDRÁTTUR



BREYTING
Gullbringa, frístundabyggð í landi Tjarnar
Umhverfis- og tæknisvið
Dalvíkurbyggðar

Mælikvarði 1:50.000

27. nóv. 2013
21. mars 2013

